

Netfundur í stjórn Framfarafélags Flateyjar
13.janúar 2021 kl. 17:30.

Mættar voru Kata, Kristín, María, Svava.

Dagskrá fundar :

1. Sjóðælur vegna brunavarna í Flatey.
2. Fundur Flateyjarveitna 11.1.2021 vegna byggingar slökkvistöðvar í Flatey.
3. Tölvupóstur frá Tryggva Gunnarssyni varðandi eldvarnir í Flatey.
4. Aðalfundur Framfarafélags Flateyjar og Flateyjarveitna 13.mars 2021.
5. Vetrahátíð FFF 2021.

1. Kristín, Friðrik og Hilmir hafa verið að vinna í að afla upplýsinga um sjóðælur og lagnir vegna brunavarna. Ekki eru komin öll þau gögn sem þau hafa óskað eftir. Við munum funda þegar meiri upplýsingar liggja fyrir. Ragnar í Byggðarenda hefur gefið kost á sér til að starfa með þremmenningunum að upplýsingaöflun.

2. Umræður um fund FV 11.1.2021 um byggingu slökkvistöðvar í Flatey. Fundurinn gekk mjög vel og ýmsar skoðanir um brunamál voru viðraðar. Fagna ber hve margir tóku þátt í fundinum og eru húseigendur nú vel inn í hvað er framundan í brunavarnarmálum. Það er frábært að það sé vitundarvakning í eyjunni um brunamál. Ljóst er að mörgu er að hyggja í brunavörnum og gott að nú sé byrjað uppbyggingarstarf í þeim málum.

3. Tryggvi Gunnarsson sendi frá sér góðan póst eftir fund FV varðandi eldvarnir í Flatey. Hann fagnar þessum framkvæmdum í brunavarnarmálum og segir ánægjulegt að sá að eldvarnar og sjúkrabúnaður sem til er fái loks öruggt lögheimili í Flatey. Sá “endi” sem þarf að vera í lagi og skiptir mestu máli eru forvarnir og hin fyrstu viðbrögð ef eldur kemur upp. Hann samanstendur af þeim búnaði sem fyrir er í hverju húsi og að fólk kunni að fara með þann búnað. Stjórn FFF er sammála Tryggva og hvetjum við húseigendur til að hyggja að brunavörnum sinna húsa.

4. Aðalfundur FFF og FV verða haldnir laugardaginn 13.mars 2021. Tímasetningar og dagskrá verða auglýstar þegar nær dregur.

5. Ákveðið hefur verið að fresta Vetrahátíð FFF sem vera átti þann 13.3.2021. Tekin verður ákvörðun um hvenær hátíðin verður haldin um leið og aðstæður í samfélaginu leyfa.

Fundi slitið kl 18:00.

Katrín Ingibjörg Barðadóttir